

# Aðalfundur Afríka 20:20

## – félags áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara



### Fundargerð

Aðalfundur var haldinn í húsnæði Máls og menningar að Laugarvegi 18, 25. apríl 2022 kl 16:30-18:20.

### FUNDARSETNING

Geir Gunnlaugsson formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna. Þátttakendur voru alls 9, auk tveggja í fjartengingu. Magnfríður Júlíusdóttir var kosinn fundarstjóri og Stefán Kristmannsson fundarritari.

### ÁRSSKÝRSLA FÉLAGSINS

Geir Gunnlaugsson formaður lagði fram og kynnti ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2021. Starf Afríka 20:20 var áfram takmörkum sett vegna COVID-19 faraldursins og félagsstarfið leið fyrir það. Nokkur mikilvæg atriði voru rakin í ársskýrslunni:

- Félagið hefur 188 manns á póstlista, 582 vinir á Fésbók og 28 borguðu félagsgjald árið 2021 sem var aukning frá fyrra ári.
- Stjórn hélt fjóra fundi á árinu og helmingur af þeim voru rafrænir fundir í gegnum Zoom.
- Málstofan *Are COVID-19 vaccines what Africa really needs?*, var haldin 7. apríl 2021 rafrænt í samstafi félgsins og námsbrautar í mannfræði, þar sem Dr. Cristine Stabell Benn, prófessor í hnattrænni heilsu við danskan háskóla, talaði frá Gínea-Bissá.
- Styrkur frá Utanríkisráðuneytinu fyrir *félagasamtök í þróunarsamvinnu til verkefna í flokki fyrir kynningar og fræðsluefni* að upphæð þrjár milljónir króna var veittur til félagsins fyrir útgáfu annars bindis bókarinnar **Afríka sunnan Sahara í brennidepli**. Stofnuð var ritnefnd og hana skipa Jón Geir Pétursson, Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir.
- Sett var í gang vinna við endurhönnun á heimasíðu félagsins og Stefán Kristmannson sótti til þess námskeiðs í vefsíðugerð, byggða á WordPress. Útkoman var ný frumgerð að vefsíðu félagsins sem var kynnt stjórn í febrúar 2022.
- 20 ára afmæli félagsins var minnst 19. febrúar.

Umræða: Eins og áður kom skýrt fram að fólk saknaði árlegs vorballs félagsins því það sé nauðsynlegt að koma saman og dansa við afríska tónlist. Lagt var til að kanna möguleika á því að halda haustball í september/október á þessu ári og var vel tekið undir þá tillögu. Ársskýrslan var samþykkt af fundarfólki.

### REIKNINGAR FÉLAGSINS

Magnfríður Júlíusdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins, sem að voru samþykktir án athugasemda af skoðunarmanni reikninga félagsins. Tekjur árið 2021 takmörkuðust við félagsgjöldin og vexti af bankainnistæðu. Meginjöld voru vegna léns og reksturs vefsíðu. Hagnaður var um þrjátíu þúsund krónur. Eignir félagsins voru tæpar fimm milljónir í lok árs 2021 og munar þar mestu um styrk til bókaútgáfu. Umræða var um öryggi þess að hafa

ákveðna lágmarksupphæð til reksturs félagsins. Reikningarnir voru samþykktir af fundarmönnum.

## **FJÁRHAGS- og STARFSÁÆTLUN NÆSTA ÁRS**

### **FÉLAGSGJÖLD 2022**

Samþykkt óbreytt félagsgjald 2000 krónur.

### **BÓKIN**

Formaður ritsjórnar, Jón Geir Pétursson, sagði frá stöðu mála. Búið er að semja við Háskólaútgáfuna og stefnt að útgáfu í lok ársins. Reiknað er með allt að tuttugu efnisköflum og búið er að hafa samband við mögulega höfunda, bæði íslenska og erlenda. Ritnefndin hefur tekið við fimm köflum nú þegar.

### **VEFSÍÐAN**

Prufugerð nýrrar vefsíðu hefur komið fram og mun verða rædd í stjórn á næstunni.

### **MÁSTOFUR og FJARFUNDIR - WEBINARS**

Líkt og fyrir COVID-19 faraldur lagði fundarfólk áherslu á málstofur og fólk var hvatt til þess að koma með hugmyndir.

### **AFRÍKUBALL**

Fólki finnst tími til kominn að hittast og dansa eftir afrískum takti og stefnt er að Afríkuballi í haust. Iðnó er ákjósanlegur staður fyrir ballið, ef að samningar takast við núverandi rekstraraðila.

### **STJÓRNARKJÖR:**

Stjórnin gaf kost á sér til endurkjörs og var það samþykkt:

#### **Eftirtaldir eru í stjórn Afríka 20:20:**

Geir Gunnlaugsson formaður (kt. 2405517219)

Stefán Kristmannson ritari (kt. 1107533579)

Magnfríður Júlíusdóttir gjaldkeri (kt. 2605614999)

Hulda Guðrún Gunnarsdóttir meðstjórnandi og upplýsingamiðlari (kt. 0901765449)

Jón Geir Pétursson meðstjórnandi (kt. 1709675349)

Karl Fannar Sævarsson meðstjórnandi, félagsmiðlar og málstofunefnd (kt. 0312872359)

#### **Varamenn**

Nelson Vaz da Silva (kt. 2711632829)

Jite Brume (kt. 0604762689)

#### **Málstofunefnd**

Birna Halldórsdóttir (kt. 0407492929)

#### **Skoðunarmaður reikninga**

Anna Katrín Rósu Árnadóttir (kt. 0203633639)

### **ÖNNUR MÁL**

Fólk var hvatt til þess að deila Afríkutengdum atburðum sem settir eru á Fésbókarsíðu félagsins.